



## Fundargerð 19. stjórnar AKÍS 2024-2025

**Staður og tími:** Zoom 17. október 2024 kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Jón Þór Jónsson (JPJ), Baldvin Hansson (BH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP),

**Mættir varamenn:** Halldór Viðar Hauksson (HVV)

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

**Fjarverandi:** Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Valdemar Johnsen (VJ) Páll Jónsson (PJ)

JPJ ritaði fundargerð.

### 1. Styrktarumsóknir

Farið var yfir styrktarumsóknir sem bárust. Óskað hafði verið eftir frekari upplýsingum frá aðildarfélögum og bárust viðbótar upplýsingar í nokkrum tilfellum.

Eftirfarandi umsóknir voru metnar uppfylla reglur AKÍS um úthlutanir styrkja og fengu þær efnislega umræðu á fundinum.

#### Barna- og unglingastarf:

*AÍH - PS5 Kappaksturshermir.*

Heildar kostnaðaráætlun kr.300.000- Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr.150.000-, þó að hámarki 50% af kostnaði.

#### Uppbygging, kaup á tækjum og búnað:

*Torfærklúbburinn - Kaup á hátalarakerfi.*

Heildar kostnaðaráætlun kr.800.000- Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr.400.000-, þó að hámarki 50% af kostnaði.

*AÍH - Kaup á ruslatunnum.*

Heildar kostnaðaráætlun kr.180.000- Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr.90.000-, þó að hámarki 50% af kostnaði.

*AÍH - Kaup á talstöðvum.*



Heildar kostnaðaráætlun kr.100.000- Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr.50.000-, þó að hámarki 50% af kostnaði.

*AÍH - Malbikun, brotnir kantar.*

Heildar kostnaðaráætlun kr.1.000.000- Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr.500.000-, þó að hámarki 50% af kostnaði.

*KK - Upptöku- og útsendingarbúnaður.*

Heildar kostnaðaráætlun kr.6.348.767- þar af 1.247.084- sem að komið hafa til framkvæmda nú þegar á árinu. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr.500.000-

Starfsmanni AKÍS falið að tilkynna umsóknar aðilum um samþykkt umsókna. Útgreiðslur og uppgjör fari fram eftir reglum AKÍS um styrkveitingar.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl 20:15